



## 1640. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
21.2.2018, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1639. fundar

Samþykkt.

### 2. Verkefni stjórnar

Frestað.

### 3. Afmæli Fram

Er 110 ára, samþykkt að ÍBR gefi félaginu 100 þúsund kr. í afmælisgjöf samanber viðmið þar um. Félagið hefur óskað eftir styrk vegna útgáfu afmælisblaðs. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

### 4. Afmæli Fjölnis

Samþykkt að veita Birgi Gunnlaugssyni, Jóni Karli Ólafssyni og Málfríði Sigurhansdóttur gullmerki ÍBR. Jafnframt samþykkt að gefa félaginu afmælisgjöf í samræmi við vinnureglur.

### 5. Erindi skíðadeilda til Bljáfjallanefndar/borgar

Lagt fram til upplýsingar. Umræður.

### 6. Erindi keilufélaga vegna aðstöðu til borgar

Lagt fram til upplýsingar. Umræður.

### 7. Reglur vegna aldurs í viðburðum

Erindi vegna Reykjavíkumarabons lagt fram og rætt. Framkvæmdastjóra falið að klára málið.

### 8. Aðgerðahópur vegna #meetoo

Brynja og Jóna Hildur sátu þennan lið fundarins. Farið yfir stöðu starfsins. Brynja heimsótti Bjarkarhlíð (ofbeldismál 18 ára ≤) og Erindi (samskiptamál <18 ára). Á báðum stöðum er lögð áhersla á að veita alla þjónustu á einum stað. Frímarr heimsótti RKÍ. Næstu skref eru m.a. að taka saman minnisblað um það sem þegar hefur komið fram í heimsóknum til fjölmargra aðila s.s. hvað stuðningsefni og þjónusta er þegar til staðar og hvað er framundan. Haldin verði ráðstefna með Reykjavíkurborg. Formaður talar við Heiðu Björg Hilmarsdóttur, formann ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkur.

### 9. Önnur mál

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:00

Gígja Gunnarsdóttir, ritari